

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL • 107 REYKJAVÍK • SÍMAR 91-29899, 630325, 630300 • KT. 710169-3579



Stofnað 1949

9. fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöllinni 19. september 1994.

Mættir voru: Guðmundur Jónsson, Halldór Gunnarsson, Sigfús Guðmundsson, Sigurgeir Bárðarson, Sigurður Þórhallsson Síðar komu á fundinn Guðbrandur Kjartansson og Kristján Auðunsson. Sigbjörn boðaði forföll og Jón Bergsson fékk fundarboðið ekki í tæka tið.

Dagskrá.

1. Undirbúningur 45. ársþings og tillöguggerð stjórnar.

Formaður hóf umræðu um ýmis mál sem huga þarf að og ræða um á næsta þingi.

Eftirfarandi málefni voru tekin til umfjöllunar:

- breytingar á reglugerð varðandi gæðingakeppni er snertir lyfjamál.
- breytingar á lögum L.H. er snertir íþróttaráð L.H. og setu fulltrúa þess á ársþingi sambandsins með málfrelsi og tillögurétti.
- breytingar á keppnisrétti stóðesta í gæðingakeppni.
- nauðsyn þess að taka saman lista og greinargerð um hvaða aðstaða þarf að vera fyrir hendi á landsmótsstað hverju sinni.

Stjórnin felur framkvæmdastjóra að vinna að tillöguggerð fyrir ársþingið varðandi framangreind málefni og leggja fram tillögur á næsta stjórnarfundi.

Rætt var töluvert um úrslitakeppni í gæðingakeppni og hugsanlegar breytingar á henni. Sigfusi og Halldóri falið að móta tillögur að breytingum á keppninni sem fælu í sér minna álag einkum þó í B-flokki. Rætt var um útskrift dómara og hvernig hátta beri samstarfi Dómarafelagsins og stjórnarinnar þegar námskeið og próf eru haldin. Breyta þarf orðalagi í reglum um réttindi gæðinga- og ungingadómara sjá 3. gr.

2. Önnur mál.

A) Gerð grein fyrir dómsmáli Héraðsdóms Reykjavíkur.

Formaður og framkvæmdastjóri gerðu grein fyrir þessu máli. Málið snýst um viðskipti skrifstofu L.H. við Birgi Edwardsson og Fjallaferðir. Vegna þessara viðskipta ber L.H. að greiða kr. 100.000.- til umrædds aðila vegna þessara viðskipta.

B) Uppskeruhátið hestamanna 11. nóv.

Spurt er: Vill stjórn L.H. koma upp einhverri "tradition"? Hefð-sið-uppákomu? Málið var rætt nokkuð en ákvörðun frestað til næsta fundar.

C) Bréf Páls Dagbjartssonar v. kosninga á ársþingum.

Tekið fyrir bréf Páls þar sem hann fjallar um breytt fyrirkomulag kosninga á ársþingum. Stjórnin telur hugmyndir Páls jákvæðar með tilliti til þinghaldsins og mun framkvæmd kosninga á þinginu í haust verða með þeim hætti eins og fram kemur í umræddu bréfi. Þingskópum þarf ekki að breyta vegna þessa máls.

D) Vinna Sigriðar Sigþórsdóttur fyrir hestamannafélögin í Reykjanesum dæmi og skipting þess kostnaðar.

Fram kom að Vegagerðin greiðir helming kostnaðarins kr. 155.625.- Stjórnin samþykkir að greiða hinn helminginn úr sjóðum L.H.

E) Formaður las bréf frá Páli A. Pálssyni fyrrverandi yfirdýralækni þar sem hann þakkar L.H. fyrir boðsmiðann á Landsmótið á Gaddstaðaflötum. Fram kemur í bréfinu að hann naut þess vel að heimsækja mótið.

F) Formaður las bréf frá Eiðfaxa h.f. þar sem fram kemur áhugi aðstandenda þess blaðs að gefa einnig út Hesturinn okkar. Stjórnin telur ekki ástæðu til að tjá sig um málið þar sem útgáfan er leigð eins og stendur. Efni bréfsins verður tekið til umfjöllunar síðar, ef þær aðstæður skapast.

G) "Þema ársþings 1994". Rætt um þetta og samþykkt að það verði "Mótahald í nútíð og framtíð". Sigurður mun þreifa fyrir sér með frum-mælendur fram að næsta stjórnarfundi. Rætt um að þeir verði 2-4.**H) Guðbrandur greindi frá fundi í nefnd sem á að semja reglugerð við dýraverndunarlög og er skipuð af umhverfisráðherra. Hann kvað einsýnt að ein og sama reglan yrði látin gilda í öllum greinum hestamennsku varðandi lyfjamál og stuðst verði við hinar alþjóðlegu reglur um þetta efni.****I) Rætt um nokkur atriði varðandi framkvæmd lyfjaprófa. Skýrði Guðbrandur ýmislegt sem þar kom fram m.a. að aðstaða er fyrir hendi hjá Rannsóknarstofu í lyfjafræði sem telst fullnægjandi.**

Fundi slitið kl. 19:10

Halldór Gunnarsson

Guðbrandur Kjartansson
Kristján Auðunsson
Sigfús Guðmundsson

Guðmundur Jónsson
Sigurgeir Bárðarson